



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

VERKFUNDARGERÐ				
Verkheiti Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð		Verkkaupi Borgarbyggð		Verknúmer
Fundarefni Verkfundur		Fundarstaður Ráðhús Borgarbyggðar		Nr. fundar #7
Fundarboðari Guðmundur Danielsson	Fundarritari Guðmundur Danielsson	Fundardags. 21/10/2019	Fundartími 9:30	Dags. Fundarg. 20/11/2019
Fundarmenn Börkur Brynjarsdóttir (BB) Guðlaugur A Júlíusson (GA) Guðmundur Danielsson (GD) Sigurjón Hallvarðsson (SH) Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI) Sævar Eiríksson (SE) Sævar Geir Hallvarðsson (SGH)	Fyrirtæki SH- Leiðarinn ehf Borgarbyggð Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf Heflun ehf Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf			
Fjarverandi	Fyrirtæki			
Dreifing Fundarmenn	Fyrirtæki			
Dagskrá Fundar Skv fundarboði	Dagsetning næsta fundar 13/11/2019	Tími næsta fundar 9:30		
Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlestrrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskráriðir	Ábyrgð / ags.
1.	Undirritun verkfundargerðar undangengins verkfundar Undirritun fór fram á verkfundargerð verkfundar númer 6.	
2.	Útistandandi mál frá síðasta verkfundi BB fór yfir að gang verkaupa að efnisskrá. Að hans sögn er skráin tilbúin, einungis eftir að útbúa SharePoint link sem sendur verður verkaupa eins fljótt og kostur er. SGH spurðist fyrir um efnismál og hvenær efní væri að vænta sem byfti fljótlega í verkið. GD svaraði því til að efnismál væru í vinnslu hjá Lýsir og að efní yrði sent á næstu dögum. SGH sagði að það bráðvantaði m.a. samtengi í skúffur í tengimiðju kerfisins vegna tengimiðju í Reykholti og mikilvægt að þau bærust sem fyrst.	BB
3.	Framgangur við þá áfanga sem unnið er við Að sögn SGH er útlit fyrir að áfangi 5 klárist í vikunni að fullu og þær mælingar sem gerðar hafa verið komi vel út. Jarðvinna fer nú fram í Kleppjárnsreykjum í áfanga 4. Jarðvinnu frá Kljáffossi að Kleppjárnsreykjum er lokið. Eftir er að setja brunna í áfanga 4. Húskassar eru komnir upp frá Kljáffossi að Kleppjárnsreykjum en eftir er að setja þá upp á leggnum frá Deildartungu að Reykholti. Rætt um þolmörk strengja og að sögn verktaka eru dæmi um það að kápa á 144l streng „springi“ sem hugsanlega orsaki skemmdir á streng síðar meir. GD ber málið upp við sölufulltrúua Lýsir.	GD
4.	Næstu skref og áfangar BB óskaði eftir því að leiðréttning á áfangaskiptinu færi fram svo að samræmi væri á milli áfanga nafna áfanga 7 og 8 á milli yfirliti yfir áfanga annars vegar og kerfismyndar hinsvegar. GD leiðréttir. SH sagði frá því að mælitæki sem hann	GD

SI

GD



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

	<p>hefur pantað hafi ekki borist og útlit sé fyrir að afhendinga á þeim tefjast fram í lok nóvember. SH óskaði því eftir því að fá að mæla gæði ljósleiðara á eftirfarandi hátt að ODTR mælt verði í aðra áttina, b.e. frá stöð, og afrmælt í hina áttina. Þessi aðferð verði notuð í áfanga 5 til þess að hægt verði að skila inn gæðamælingum og þar með áfanganum til uppgjörs. GD samþykkti þessa mælinga aðferð þar til ný mælitæki koma. Eftir að mælitæki koma verður ODTR mælt í báðar áttir. Unnið verður áfram í áfanga 4 og útlit fyrir að honum ljúki í nóvember ef veður leifar.</p>	
5.	<p>Önnur mál er varða efni fundarins</p> <p>SGH ræddi um vegalengd á milli brunna og taldi að ef vegalengd færir yfir tiltekin mörk væri upp kominn forsendubrestur miðað við lýsingu í útboðsgögnum. GD taldi hönnun ekki gefa tilefni til forsendurbrests enda væru hönnunarfor sendur þær sömu og í fjölda sambærilegra verkefna sem unnin hafa verið undanfarin ár með fullnægjandi árangri. Ákveðið að kanna málið nánar og óska eftir upplýsingum um málið, m.a. frá framleiðendur strengja og röra.</p>	
6.	<p>Umræða átti sér stað um breytingar á lagnaleiðum út frá fyrirliggjandi hönnun. Slíku fyrirkomulagi fylgdi nokkur aukavinna fyrir verktaka. SE fór yfir þá vinnu sem fram fer nú á Kleppjárnsreykjum og þær breytingar sem hafa átt sér stað þar. Hann telur flestar þær breytingar sem orðið hafa vera verktaka og verkefninu til bóta. GD sagði fyrir sitt leiti að verktaki ásamt eftirlitsaðila gætu hnikað út frá hönnunargögnum svo fremi sem slíkar breytingar væru gerðar í samráði við landeigenda. Reynsla verktaka og þekking þeirra væri mikilvæg og mjög gott ef hún nýttist verkefninu til framdráttar.</p>	
7.	<p>Dysjun strengja var rætt, og að ef til slíkrar aðferðar kemur vanti inn í útboðsgögn greiðslulið fyrir síkt. Ákveðið að biða með ákvarðanir um málið þar til að sýnt verði að grípa þurfi til slíkra aðgerðar.</p>	
8.	<p>GD spurðist fyrir um samskipti við Vegagerð. SI sagði samskipti sín við Vegagerð vera mjög góða. Hann ræði reglulega við fulltrúa Vegagerðar og haldi þeim upplýstum um gang mála og hvar væri unnið hverju sinni.</p>	
9.	<p>SI spurðist fyrir um framkvæmdir meðfram Borgarfjarðarbraut frá þjóðvegi 1 að Hvanneyri. GD svaraði því til að vegna áhuga markaðsaðila á að leggja ljósleiðara á umræddu svæði með og/eða án opinbers styrks hafi verið óskað eftir því, við fjarskiptafélög, að þau gæfu tilboð í að leggja ljósleiðara á umræddu svæði. Tilboðið var með þeim hætti að óskað var eftir sem minnstu opinberu fjármagni til þess að tengja þau hús sem fjarskiptafélag hafði sýnt áhuga. Útboðinu var skipt í two hluta. Eftir að niðurstaða lá fyrir var ákveðið að semja við Gagnaveitu Reykjavíkur um að tengja tiltekið svæði. Það afmarkast af þjóðvegi 1 – Hvanneyri – Vatnshömrum og Andakílsárvirkjun. Öllum tilboðum í hinn hluta útboðsins var hafnað. SI lýsti furðu sinni á þessu útboði. Taldi hann ofangreinda skýringu ekki halda vatni. GD sagðist ekki geta útskýrt málið nánar. GJ tók til máls og fór efnislega yfir forsögu málsins og af hverju gripið var til þessarar ráðstöfunar.</p>	
10.	<p>Á síðasta fundi kynnti GD að hugsanlega ætlaði fjarskiptafélagið Míla að leggja ljósleiðara í hluta af Reykholti. SI spurðist fyrir um það hvort að niðurstaða lægi fyrir um málið. GD sagði að svo væri ekki og ef ekki bærust frekari og afgerandi upplýsingar yrði litið svo á að þessi áform yrðu ekki að veruleika.</p>	
11.	<p>BB ræddi um greiðslufyrirkomulag og ýtrekaði þá ósk að greitt yrði mánaðarlega skv. framvindu verksins í stað þess að miða við áfangaskiptingu eins og fram kemur í útboðsgögnum. Sagði hann sjá fátt annað en jákvætt við þetta fyrirkomulag enda byrfti verktaki verksins, eins og aðrir atvinnurekendur að greiða út laun um hver mánaðarmót. Ef einu rökin fyrir því að breyta þessu ekki séu þau að skila þurfi mælingum, og þar með klára áfanga, gæti verkkaupi haldið eftir greiðslum þar til umræddar mælingar myndu berast. GD sagði að ljóst hafi verið</p>	



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

	frá tilboðstíma myndu greiðslur ekki berast mánaðarlega. Öllum bjöðendum í verkið hefði verið það ljóst. Verkinu væri skipt upp í 18 áfanga en verktími um 24 mánuðir. Fátt ef nokkuð hafi komið fram í umræðunni á undförfnum ver�fundum sem gefi til kynna að framvindugreiðslur yrðu verkefninu til hagsbóta. Eins sé það staðfestur vilji verkkaupa að við ákvæði útboðsins, hvað greiðslufyrirkomulag verði staðið.	
12.	SGH taldi ýmislegt vera að tefja framgang verksins. Það vanti m.a. efni. Sagðist hann hafa sent yfirlit yfir það efni sem upp á vantar án þess að fá svör við þeim tölvupósti og efni hafi ekki borist. GD ýtrekaði ósk sýna um það að verktaki komi lag lagerskráningu sinni í samræmi við ákvæði útboðsins svo að hægt væri, viku til viku að átta sig á því efni sem til væri á lager hverju sinni. Á þann hátt mætti koma í veg fyrir efnisskort. BB tók til máls og sagði málið vera í farvegi og að lagerskráning væri að komast í lag.	
13.	Fleira ekki rætt.	

Sigrún Í�óðgáru
Samþykki verktaka

Gulnara Jóníelssay
Samþykki verkkaupa